

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Kristjönu Benediktsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2014

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál.**

### I. Almennt

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) leggst gegn tillögunni og leggur til að hún verði dregin til baka eða felld. Stjórn FA ályktaði um málið þann 24. febrúar sl. en í ályktuninni kom eftirfarandi fram:

- Það er skaðlegt fyrir íslensk fyrirtæki að draga umsókn um aðild að ESB til baka. Það lokar augljósum valkostum í efnahagsmálum á tímavarki þar sem engin þörf er á slíkum vatnaskilum.
- Tillagan fækkar mögulegum valkostum Íslands í peningamálum, sem er eitt mikilvægasta hagsmunamál fyrirtækja og heimila til lengri tíma. Engin skýr stefnumörkun liggur fyrir um framtíðarskipan peningamála og því lítil skynsemi í að útiloka augljósa valkosti að svo komnu máli.
- Stjórn FA tekur undir það sjónarmið að aðildarviðræður eigi að hafa sinn gang, enda er það eina leiðin til að fá á borðið upplýsingar til að greiða atkvæði um á málefnalegum grunni. Um endanlegan samning við ESB á þjóðin að sjálfsgöðu að greiða atkvæði. Þannig getur hún ráðið úrslitum – af eða á.
- Í skoðanakönnun meðal félagsmanna FA sem framkvæmd var í lok janúar sl. kom m.a. fram að 60,7% félagsmanna vildu halda áfram aðildarviðræðum og 52,5% töldu að íslenska krónan væri ekki framtíðargjaldmiðill fyrir Ísland.

Félag atvinnurekenda er einn fjögurra aðila sem stendur að gerð skýrslu um stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Alþjóðamálastofnun HÍ sá um gerð skýrslunnar sem kom út í vikunni. Hún er mikilvægt innlegg í umræðuna um þessi mál eins og skýrsla Hagfræðistofnunar. Í skýrslunni koma fram upplýsingar og röksemdir sem styðja við að haldið verði áfram með viðræður og endanlegur samningur lagður í dóm kjósenda.

Stjórn FA skorar á Alþingi að fella tillöguna. Það á ekki að fara jafn óvarlega með mikilvægt mál og raun ber vitni.

**II. Annað**

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri